

111 **Brjef stjórnarráðsins til umsjónarmanns fræðslumálanna um skýrslur þær og skirteini, er útheimtast til að verða aðnjótandi landssjóðsstyrks til barnaskólahalds og farkenslu.**

11. des.

Með því að skýrslur um skólahald og farkenslu hafa að undanfögnu borist svo seint til yfirstjórnar fræðslumálanna, að landssjóðsstyrknum til barnafræðslunnar hefir ekki orðið úthlutað fyr en komið var fram á vetur, og með því að ýmisleg óregla hefir átt sjer stað á afgreiðslu nauðsynlegra skýrslna og skirteina um hag barnafræðslunnar, skal hjermeð lagt fyrir yður, herra umsjónarmaður, að brýna fyrir öllum skólanefndum og fræðslunefndum, að umsókn þeirra um landssjóðsstyrk til barnafræðslunnar verði eftirleiðis að vera komin í hendur yfirstjórn fræðslumálanna fyrir 1. júlí ár hvert og að umsókninni verði að fylgja:

1. Sundurliðaður reikningur yfir allan kostnað við skólann, og beri reikningurinn með sjer, úr hvaða sjóði eða hvaðan hver tekjugrein er greidd.
2. Afrit af ráðningarsamning kennarans og sje þess getið, hverrar mentunar hann hefir notið svo og kvittun hans fyrir kaupupphæðinni.
3. Nákvæm skýrsla um kensluna samkvæmt hinum prentuðu eyðublöðum.
4. Nákvæm skýrsla um vorpróf samkvæmt hinum prentuðu eyðublöðum, og sje þess þar getið í athugasemd, hve mörg börn á skólaaldri hafi vanrækt að koma til prófs, ef nokkur eru, og fyrir hverjar sakir.
5. Skýrsla um húsnæði og kensluáhöld skólans.

Hvað skýrslunum að öðru viðvikur skal fram tekið, að vitnisburði við barnapróf skal í hinum einstöku námsgreinum tákna með tugabrotum, en aðaleinkunn við árspróf og fullnaðarpróf skal að eins tákna með heilum tölum, svo sem fyrir er mælt í »Reglum um barnapróf« 7. desbr. 1908.

Kensluskýrslur undirritar kennari eða kennarar svo og skólanefndir eða fræðslunefndir, en prófskýrslu undirskrifar kennari eða sá, sem prófar í hans stað, og prófdómari.

Að endingu skal lagt fyrir yður, hafi í einhverjum hreppi ekki enn verið kosið í fræðslunefnd, að áminna hlutaðeigendur um að láta það ekki dragast lengur.

112 **Brjef stjórnarráðsins til biskups um niðurlagningu Hólma-
13. des. kirkju í Reyðarfirði.**

Samkvæmt ósk hlutaðeigandi safnaðar og löglegri ályktun hjeraðsfundarins í Suður-Múlaprófastsdæmi 14. sept. þ. á. skal stjórnarráðið samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dagsettu 29. okt. þ. á., og með skirskotun til 4. gr. í lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907, um skipun prestakalla, hjermeð veita leyfi til að leggja megi niður Hólmakirkju í Reyðarfirði, þannig að í hennar stað verði reist ný kirkja á Búðareyri.